

**Ed. 590. Frumvarp til laga [289. mál]**

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Seljan, Stefán Guðmundsson, Egill Jónsson, Eiður Guðnason.

**1. gr.**

Við 1. tl. 7. gr. laganna bætist nýr málslíður, er orðist svo:  
Heimild þessi nái einnig til barnaheimila, leikskóla, félags- og safnaðarheimila og atvinnuhúsnaðis.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Á sínum tíma flutti fyrsti flm. þessa frv. ásamt öðrum frumvarp um að öll vinna hjá húseiningaverksmiðjum samsvarandi vinnu á byggingarstað yrði undanþegin söluskatti svo sem er um aðrar húsbyggingar.

Frv. var borið fram beinlínis til þess að koma á fullu jafnrétti hjá þeim, sem byggja verksmiðjuframleidd hús, samanborið við þá framkvæmdaaðila sem framkvæma allt á byggingarstað.

Þetta frv. náði ekki fram að ganga.

Hins vegar flutti þáv. fjármálaráðherra frv., sem lögfest var, en heimildin í þeim lögum einskorðast við íbúðarhús.

Þetta var vissulega mikilvægur áfangi og létu flm. fyrra frv. þar við sitja. Nú hefur orðið mikil aukning á verksmiðjuframleiddum húsum almennt og allt er það til hagsbóta fyrir byggingariðnaðinn í landinu og enn frekar fyrir húsbyggjendur og þá aðra er í byggingarframkvæmdum standa.

Til að fullt jafnrétti náist þarf viðtækari heimild, almenna og altæka, eins og var í upphaflegu frv. um mál þetta.

Flm. telja hins vegar að nú sé að næsta áfanga komið, þó ekki verði fullu jafnrétti náð.

Þar hljóta framkvæmdir, sem ríkið fjármagnar að miklu leyti, að vera í fremstu röð og því er í frv. fyrst og fremst að þeim framkvæmdum vikið.

Miðað við ákveðna eftirspurn á verksmiðjuframleiddu húsnæði til atvinnurekstrar — iðnrekstrar einkanlega, þykir flm. rétt að láta það fylgja með, enda um leið ákveðinn stuðningur við innlendan iðnað almennt.

Flm. hafa vissa löngun til að taka sumarhús hér inn í einnig, þar sem hvort tveggja er, að hér er um sérstaklega upplagt verkefni að ræða fyrir þessar verksmiðjur og þó ekki síður til að draga mætti úr þeim mikla innflutningi sem nú er á þessum húsum. Þetta mætti athuga í nefnd, en að öðru leyti verður grein gerð fyrir málinu í heild í framsögu.